



Til Bæjarráðs Ísafjarðarbæjar

HSV óskar hér með eftir styrk til Ísafjarðarbæjar að jafngildi húsleigu til tveggja mánaða af einni íbúð Fasteigna Ísafjarðarbæjar.

Breytingar á útleigu íbúða Fastís til HSV nú í lok sumars hafa nokkurn kostnað í för með sér fyrir þau aðildarfélög HSV sem nýta íbúðaafnot samkvæmt samstarfssamningi Ísafjarðarbæjar og HSV. Rekstur íþróttafélaga er erfiður og ekki auðvelt að ráða við aukakostnað sem upp kemur.

HSV hefur um nokkurt skeið leigt stóra íbúð í Hnífsdal hjá Fastís. Þar sem Fastís vantar nú íbúð af þeirri stærð fyrir aðra leigjendur mun HSV flytja sig í aðra minni. Við þessar tilfæringar koma upp tveir mánuðir þar sem HSV þarf að greiða leigu af báðum íbúðum, að öðrum kosti væri ekki tryggt að íbúð væri til boða í lok september þegar stóru íbúðinni er skilað. Íþróttafélögin hafa nú þegar gert áætlanir um þjálfara og not íbúðanna og því koma þessar breytingar með stuttum fyrirvara á erfiðum tíma. Að auki er ýmis annar kostnaður við flutninga sem íþróttafélögin þurfa að standa straum að.

Rétt er að taka fram að HSV úthlutar íbúðum til aðildarfélaga samkvæmt reglugerð þar um þar sem þjálfarar í barna- og unglingastarfi eru í forgangi.

Einnig er gott að minna á að í Lýðheilsuvísunum landlæknis kemur fram að þátttaka barna í 8.-10. bekk grunnskóla í skipulögðu íþróttastarfi er mest á Vestfjörðum. Samstarf Ísafjarðarbæjar og HSV í íþróttamálum er að skila mælanlegum árangri. Færir þjálfarar er mikilvægur þáttur í starfi íþróttafélaga og úthlutun íbúða til þjálfara einn þeirra þátta sem byggja þennan sterka grunn.

Ísafirði 18. júlí 2019

Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir
Framkvæmdastjóri HSV